

Fundargerð hjá stjórn Foreldrafélags Hörðuvallaskóla

Fundur haldinn þann 11. október Kringlunni 4-12

Fundur settur 11:30

Mættir: Atli Björn Þorbjörnsson, Freygerður Anna Ólafsdóttir, Heiðar Atlason, Linda Björk Hilmarsdóttir, Marta Sigurjónsdóttir.

Fundastjóri Marta Sigurjónsdóttir.

Fundaritari, Freygerður Anna Ólafsdóttir

Foreldrarölt

Borið hefur á útiveru barna undir 16 ára aldri eftir klukkan 22 á kvöldin. Rölthópar á vegum foreldrafélags Hörðuvallaskóla hafa haft afskipti af þeim einstaklingum sem þeir hafa rekist á og virðist vera um nemendur úr Hörðuvalla-, Vatnsenda- og Salaskóla að ræða. Stjórn foreldrafélags Hörðuvallaskóla mun óska eftir fundi með fulltrúum foreldrafélaga nærliggjandi skóla til þess að ræða þessi mál þar sem samvinna er höfð að leiðarljósi. Einnig verður óskað eftir fundi með Samkóp (Samtök foreldrafélaga grunnskóla í Kópavogi), lögreglunni og forvarnarfulltrúum. Kallar stjórn foreldrafélags Hörðuvallaskóla eftir skýrum verklagsreglum fyrir rölthópa. Röltstjóri mun senda bréf til foreldra/forráðamanna nemenda við skólann og áréttu útivistartíma barna og mikilvægi þess að hann sé virtur.

Vespur á skólalóð

Umferð vespa / léttra bifhjóla á lóð skólans er af öryggisástæðum bönnuð á skólalóðinni jafnt á skólatíma sem utan hans eins og fram kemur í fréttabréfi Hörðuvallaskóla frá 2.mái 2017. Umferð þessara tækja er þó nokkur á lóðinni utan almenns skólatíma. Linda Björk Hilmarsdóttir mun ræða við Ágúst Frímann Jakobsson með hvaða hætti hægt er að upplýsa nemendur og foreldra betur um þessa reglu.

Verkefni:

Arnar : Óska eftir fundi með Samkóp

Marta: óska eftir fundi með fulltrúum foreldrafélags Vatnsenda- og Salaskóla

Linda: Ræðir við Ágúst Frímann Jakobsson vegna umferðar vespa á skólalóð utan skólatíma.